



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á Sambandsþingi UMFÍ**

20. október 2023

Forystusveit UMFÍ,
ágætu gestir á sambandsþingi.

Ég færi ykkur heillaóskir og hlýjar kveðjur, með þökk fyrir allt ykkar góða starf í þágu lands og lýðs. Gaman hefði verið að vera með ykkur á þinginu en aðrar annir komu í veg fyrir það. Já, það hefði verið gaman að hitta vini og kunningja og treysta vinaböndin. Ekki hefði síður verið gaman að halda í Haukadal. Þar sveif ungmennafélagsandinn svo sannarlega yfir vötnum þegar Sigurður Greipsson var og hét, stofnandi íþróttaskóla, glímukóngur Íslands í árafjöld og mikill ræðuskörungur – talaði víst stundum helmingi lengur en ráð var fyrir gert og geri aðrir betur hér og nú – eða ekki!

Ekki má heldur gleyma Sigríði í Brattholti og baráttu hennar fyrir verndun Gullfoss í grenndinni. „Ræktun lýðs og lands.“ Um það snerist ungmennafélagsandinn og um það má hann enn snúast. Þegar ungmennafélögin og Ungmennafélag Íslands voru stofnuð á sínum tíma var svo sannarlega verk að vinna. Við vorum undir erlendu valdi, fátæk smáþjóð á norðurhjara. Nú er sjálfstæði löngu fengið og almenn hagsæld mun meiri en áður, Íslendingar í hópi ríkustu þjóða heims og umhverfisvernd ofarlega í huga almennings, ekki síst ungu kynslóðarinnar. Áfram þarf þó að sinna ræktun lýðs og lands.

Lýðheilsa er eitt mikilvægasta málefni samtímans. Fólki þarf að líða vel á sál og líkama. Í þeim efnum geta ungmennafélögin gegnt lykilhlutverki, stuðlað að hollri hreyfingu og útivist, æfingum og keppni.

En hér er þó að ýmsu að huga. Öllu má ofgera. Lýðheilsa snýst ekki um útlitsdýrkun eða hvatningu til að vera alltaf í ræktinni eða uppi á fjöllum. Lýðheilsa snýst ekki um eilífan samanburð, eilíft álag og eilífa keppni við sjálfan sig og aðra. Aðgerðir á sviði lýðheilsu eiga að snúast um jákvæða hvata og heilbrigt sjálfstraust án alls metings og monts.

Ágætu þinggestir: Um leið og ég ítreka góðar óskir til ykkar allra þakka ég sérstaklega afar góða samvinnu við undirbúning og framkvæmd Forsetahlaupsins. Sá viðburður hefur nú verið haldinn í tvö ár, fyrst heima á Álftanesi og nú síðsumars á Patreksfirði í Vesturbyggð. Atbeini UMFÍ hefur verið ómetanlegur og fæ ég hann seint fullþakkað. Mér finnst hinn sanni ungmennafélagsandi ríkja þegar við sprettum úr spori öll sem eitt, á okkar eigin forsendum, eftir eigin atgervi, samkvæmt eigin vilja og áformum.

Kæru vinir: Gangi ykkur áfram vel í ykkar drjúgu störfum í þjóðarþágu.